



Námsáætlun í FRAN1DF05

Franska 4. bekkur AB - 3.MÁL - Hausti 2026

Stutt lýsing á áfanganum:

FRAN1DF09 er byrjunaráfangi í frönsku. Farið verður í undirstöðuatriði tungumálsins og áhersla lögð á færniþættina fjóra, skilning á rituðu og töluðu máli, skriflega og munnlega tjáningu.

Kennslugögn:

- **ÉDITO A1, Méthode de français et Cahier d'activités** (lesbók og vinnubók)
 - **Ath. Nýjasta útgáfa! (ISBN 9782278103645 og 9782278103652)**
- Efni af Internetinu, lög og lagatextar, blaðagreinar, ljóð, þættir, kvikmyndir o.fl.
- Mappa / möppur til að safna í aukaefni og skriflegum verkefnum.
- Stílabók eða laus línustrikuð blöð.
- Fra/ísl og ísl/fra orðabækur (ókeypis á netinu)
 - Snara: <https://snara.is/>
 - Lexía: <https://lexia.hi.is/>

Kennsluhættir:

Unnið er með kennslubókina *Édito A1*, lesbók og vinnubók. Einnig verður stuðst við ýmisskonar önnur kennslugögn td. af internetinu ss. kennslusíður, tónlist, sjónvarpsþætti og bíómyndir. Til að æfa munnlega tjáningu og færni í samskiptum er unnið í þorum og hópum. Nemendur skila ýmsum verkefnum, bæði skriflegum, hljóðupptökum og myndböndum.

Kennari:

Sigurbjörg Gylfadóttir

Áætlun um yfirferð (með fyrirvara um breytingar)			
Vika	Dagsetning	Yfirferð	Heimavinna, verkefni og próf
1	20. – 21. ágúst	Kynning á námsefni og kennsluaðferðum vetrarins.	
2	24. – 28. ágúst	Unité 0 Að heilsa, kveðja og kynna sig. Stafrófið.	Unnið heima í vinnubók (Cahier d'activités)
3	31. ágúst – 4. sept.	Unité 0 Tölur, dagar, mánuðir og árstíðir, orðaforði bekkjarins	Lokaverkefni un. 0
4	7. – 11. sept.	Unité 1, 17-19. Að kynna sig og kynnast öðrum Lönd og þjóðerni (kk, kvk, fll) Sagnirnar être, avoir, s'appeler.	Próf úr Unité 0. Unnið heima í vinnubók un.1 (Cahier d'activités)
5	14. – 18. sept.	Unité 1, P.19-21 Tölur, lönd og þjóðerni (kk, kvk, fll) Áhugamál Sögnin: AIMER Sagnir samkvæmt 1. flokki regl. so. Óákveðinn og ákveðinn greinir.	Unnið heima í vinnub. un.1 (Cahier d'activités)

6	21. – 25. sept.	Unité 1, P. 22-24 Að kynna aðra. Forsetningar með landaheitum. Sögnin <i>parler</i> .	Unnið heima í vinnubók un.1 (Cahier d'activités)
7	28. sept. – 2. október	Unité 1, P.25-27 Að kynna sig og kynnast öðrum. Neitun og tölur. Framhald Spurnarfornafnið QUEL . Framburður: samtenging með forsetningum	Unnið heima í vinnubók un.1 (Cahier d'activités)
8	5. – 9. október	Unité 1, P.28-30 Upprifjun úr un. 1 Unnið í lokaverkefni	Lokaverkefni Próf úr unité 1
9	12. – 16. október	Unité 2, p.31-33 Borg og bær, búseta og nánasta umhverfi. Óákveðinn greinir og ákveðinn greinir (frh) Sagnir samkvæmt 1. flokki regl. so. (frh.) Sagnirnar <i>habiter</i> og <i>travailler</i>	Unnið heima í vinnubók un.2 (Cahier d'activités)
10	19. – 21. október Hausthlé 22. og 23. október	Kvikmynd eða sjónvarpsþættir	Verkefni tengt kvikmynd/ sjónvarpsþáttunum
11	26. – 30. október	Unité 2, 34-37 Sagnir í 1.fl. (frh) So. <i>aimer, adorer, préférer, détester</i> Áhugamál (frh.) og staðir	Unnið heima í vinnubók un.2 (Cahier d'activités)
12	2. – 6. nóvember	Unité 2, 38-39 Orðaforði varðandi fjölskylduna. <i>Eignarfornöfn</i> Starfsheitin, í kk./kvk./flt.	Unnið heima í vinnubók un.2 (Cahier d'activités)
13	9. – 13. nóvember	Unité 2, p.40-41 Að kynna og tala um fjölskylduna sína	Unnið heima í vinnubók un.2 (Cahier d'activités)
14	16. – 20. nóvember	Unité 2, p.42-44 Unnið í lokaverkefni Undirbúningur fyrir munnlegt próf	Lokaverkefni Próf úr unité 2.
15	23. – 27. nóvember	Upprifjun Munnleg próf	

Námsmat í lok haustmísseris:

- 50 %: lokapróf í lok haustmísseris (skriflegt og munnlegt)
- 30%: kaflapróf / önnur próf + lokaverkefni úr köflum (skrifleg eða myndbönd)
- 20%: verkefnavinna í tímum (ritun, upptökur, talæfingar, hlustunaræfingar og önnur smærri skilaverkefni) og einkunn fyrir ástundun, heimavinna, þátttöku, virkni og hegðun* í tíma.

*sjá skólareglur, gr. 2, í Skólahandbókinni á heimasíðu skólans

Athugið!

- Ætlast er til að nemendur mæti ávallt stundvíslega og vel undirbúnir til kennslustundar.
- Síma- og snjalltækjanotkun er með öllu stranglega bönnuð í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Hljóð- og myndupptökur eru með öllu bannaðar í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Skili nemandi ekki verkefnum á tilsettum tíma lækkar einkunnin um 0,5 fyrir hvern dag.

Námsáætlun þessi og námsmat eru gerð með fyrirvara um breytingar.